

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármálastjóri

Gjaldskrá Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu bs.

Fyrir liggur erindi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., dags. 25. október 2018, þar sem óskað er samþykkis aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins á erindi stjórnar SHS á breytingum á gjaldskrá SHS.

Í tillögu að breytingu á gjaldskrá SHS felst að slökkvistjóra verði gert mögulegt að taka gjald samkvæmt heimild í 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000 þegar þörf er á að beita þvingunarúrræðum og/eða viðurlögum. Ennfremur felst í tillögunni að einingaverð samkvæmt gjaldskrá SHS hækki um 5% og verði 14.161 kr. á klst. vegna lögbundinna verkefna og 19.117 kr. á klst. vegna ólögbundinna verkefna sem falla vel að stofnsamningi SHS. Mikilvægt er að gjald vegna ólögbundinna verkefna sé til þess fallið að SHS verði ekki eftirsóknarverður þjónustuaðili ólögbundinna verkefna heldur verði til þess að viðskiptavinir leiti frekar til annarra aðila á markaði.

Mælt er með því að þessi gjaldskrátilлага verði samþykkt.

Birgir B. Sigurjónsson,
fjármálastjóri